

# Fundur í íþróttá- og tómstundanevnd Langanesbyggðar haldinn 1. október 2013 kl. 17 í Svartsholi.

Mættir: Kristín Heimisdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Steinarsson og Vilborg Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

## 1. Rekstur félagsmiðstöðvarinnar Svartshols

Gera á félagsmiðstöðina að félagi til auðvelda fjárhagslegt utnumhald. Ganga þarf frá pappírnum varðandi það og mun Vilborg gera það í samvinnu við skrifstofustjóra. Ljóst er að til er í sjóði 300.000 kr frá síðasta starfsári og mun Langanesbyggð leggja til 200.000 kr í reksturinn fram að áramótum.

Lagt er til að þátttökugjald fyrir unglinga verði áfram 5000 kr. pr önn líkt og var á síðast skólaári.

Gera þarf starfslýsingu fyrir starfsmenn, markmið og reglur félagsmiðstöðvarinnar og umgengisreglur um húsnæðið. Mun nefndin vinna þessa vinnu á næstu viku.

## 2. Starfsmannamál

Rædd voru launamál starfsmanna

Félagsmiðstöðin verður opin kl. 19.30 – 22.00 mánudaga, miðvikudaga og annan hvorn föstudag. Gert er ráð fyrir ca 25 skiptum til jóla. (7xokt, 11xnóv, 7xdes).

Þau skipti opnun þannig á milli sín:

Ásdís væri með 2x viðburði í mánuði og Sölvi aðra opnun. Þau gerði samkomulag sín á milli með dagsetningar.

Einnig myndu þau í sameiningu skipuleggja starfið og fengju greitt tímakaup fyrir það. Nefndin óskar eftir að fá að vera umsagnaraðili um þá skipulagningu.

## 3. Húsnæðið

Nefndin er sammála um að þörf er á endurbótum á húsnæði til hægt sé að bjóða upp á góða aðstöðu. Gert ráð fyrir að sjóður félagsmiðstöðvarinnar greiði innanstokksmuni en Langanesbyggð leggi til parket og málningu.

Samþykkt er að framkvæma eftirfarandi:

- Lagt parket á gólfið
- Veggir málaðir
- Gardínur fyrir glugga
- Eldhúsborð og stóla
- Kaupa sófa, púða, teppi
- Sófaborð og sjónvarpskenk
- Bæta lýsingu, t.d lampar
- Snúrurör við sjónvarp
- Skáp/hillur undir ísskápinn
- Borðbúnað, glös, skálar, fylgidiska
- Uppþvottabursta, þvottagrind, viskustykki, hreinlætisvörur, sóp
- Myndir á vegg, ljósmyndir, tilbúnar myndir frá IKEA

#### 4. **Vinnudagur foreldra og nefndar**

Leggur nefndin til að foreldrar komi saman og geri aðstöðuna betri. Nefndin ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins mun undirbúa vinnuna með innkaupum.

Lagt til að hitta foreldra föstudaginn 11. október eftir vinnu.

Með því er hægt að stefna að því að opna félagsmiðstöðina 14. október.

**Fundi slitið kl. 18.15**